

Reykjavík 14. maí 2015

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

nefndasvid@althingi.is

Umsögn um 702. mál á 144. löggjafarþingi; Höfundalög (einkaréttindi höfunda, samningskvaðir o.fl., EES-reglur)

Fjölís lýsir almennri jákvæðni með frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Afar mikilvægt er að höfundalög taki breytingum í takt við tækninýjungar og síauknar kröfur um aukið aðgengi almennings og atvinnulífsins að verkum sem varin eru með höfundarétti. Með frumvarpinu er tekið mikilvægt skref í þá átt að gera aukið aðgengi að menningararfi þjóðarinnar mögulegt. Ákvæði um samningskvaðir (6., 7., 9., 10., 11., 12., 13. og 15. gr.) gera það aðgengi kleift án þess að skert séu réttindi höfunda og annarra réttihafa. Með því er jafnframt tekið mikilvægt skref í þá átt að samræma ákvæði íslenskra höfundalaga sambærilegum lögum nágrannalandanna en slíkt eykur möguleika á samstarfi réttihafasamtaka þvert á landamæri.

Fjölís og aðildarfélög þess hafa á undanförunum misserum orðið vör við auknar kröfur um aðgengi og nýtingarmöguleika efnis sem varið er höfundarétti. Á það ekki síst við um notkun í skólastarfi þar sem snjalltæki af ýmsum toga hafa verið að ryðja sér til rúms í kennslu með sífellt nýjum notkunarmöguleikum. Samningskvaðaákvæði í frumvarpinu veita þannig langþráð tækifæri til hagnýtingar höfundaréttarvarins efnis með löglegum hætti, að því gefnu að gerðir séu samningar um notkunina sem endurspeglar þarfir notenda.

Fjölís telur frumvarpið mjög jákvætt skref í þá átt að brúa bil á milli krafna notenda um aukið aðgengi að höfundaréttarvörðu efni og eignar- og einkaréttar höfunda á hagnýtingu verka sinna. Til að hin nýju ákvæði nýtist til fulls er þó mikilvægt að réttihafasamtök og hlutaðeigandi leyfishafar, bæði opinberir og einkaaðilar, eigi góða samvinnu um samningsgerðina og kynningar á innihaldi gerðra samninga til að tryggja sem best réttarstöðu réttihafa og notenda.



Helga Sigrún Harðardóttir
Fjölís, hagsmunasamtökum

fjolis@fjolis.is